



Ársfundur 2015
15. apríl

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings, fjárfestingarstefna og tryggingafræðileg úttekt
3. Tillögur til breytinga á samþykktum
4. Samruni Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga
- gerð grein fyrir endanlegu uppgjöri og jöfnun réttinda
5. Kosning/skipan stjórnar
6. Ákvörðun launa stjórnarmanna
7. Kjör endurskoðanda
8. Önnur mál



Ársfundur 2015

SKÝRSLA STJÓRNAR

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður



Ársfundur 2015

Kynning ársreiknings, fjárfestingarstefna og
tryggingafræðileg úttekt

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri

Helstu atriði uppgjörs 2014

Hrein eign til greiðslu lífeyris jókst um 37 ma.kr. á árinu og var 371,3 ma.kr. í lok árs 2014. Hrein eign samtryggingadeildar nam 368,2 mö.kr. og séreignar 3.073 m.kr.

Fjárfestingatekjur sjóðsins voru jákvæðar um 33,8 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 28,3 ma.kr. á árinu 2013.

Iðgjöld jukust um 3,2% milli ára, úr 13.624 m.kr. í 14.059 m.kr. Á sama tíma jukust **lífeyrisgreiðslur** um 11,0%, úr 10.211 m.kr. í 11.336 m.kr.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt var heildarstaða samtryggingardeildar neikvæð um 0,9% í árslok samanborið við 3,5% neikvæða stöðu árið áður en áfallin staða var jákvæð um 1,7% en var neikvæð um 2,6% í árslok 2013.

Ávöxtun - hrein raunávöxtun:

Samtryggingardeild: 8,8%.

Séreignardeild:


Framtíðarsýn 1: 6,3% - Framtíðarsýn 2: 5,5% - Framtíðarsýn 3: 1,5%.

Góð ávöxtun ársins 2014 er borin uppi af innlendum hlutabréfum, skráðum erlendum hlutabréfum og erlendum framtakssjóðum.

Samkomulag og uppgjör við Glitni. Gildi gekk í lok árs frá samkomulagi við slitastjórn Glitnis um viðurkenningu á kröfu sjóðsins vegna víkjandi skuldabréfs Glitnis. Krafan gekk að hluta til uppgjörs á skuld vegna gjaldmiðlasamninga og samkomulagið skilaði í heild rúmlega 1.800 milljón króna tekjufærslu.


Helstu atriði uppgjörs 2014

Hrein nafn- og raunávöxtun hjá deildum sjóðsins á árinu 2014



Helstu atriði uppgjörs 2014

Meðaltal hreinnar nafn- og raunávöxtunar hjá deildum sjóðsins síðustu 5 ár



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris (í milljónum kr.)

<i>Löggjöld og lífeyrir</i>	2014	2013
Löggjöld sjóðfélaga	4.525	4.381
Löggjöld launagreiðenda	9.570	9.275
Réttindaflutn. og endurgreiðslur	(35)	(32)
Löggjöld samtals	14.060	13.624
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði	1.107	986
Samtals	15.167	14.610
<i>Lífeyrir samtals</i>	11.336	10.211

Lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

	Sjóðfélagar	Breyting	Millj. kr.	Breyting
Ellilífeyrir	13.581	+ 6,2%	6.651	+ 8,7%
Örorkulífeyrir	4.860	+ 11,4%	3.528	+ 15,8%
Makalífeyrir	2.006	+ 4,0%	725	+ 8,9%
Barnalífeyrir	1.092	+ 6,1%	121	+ 15,2%
Samtals	21.539	+ 7,1%	11.025	+ 11,0%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris (í milljónum kr.)

<i>Fjárfestingartekjur</i>	2014	2013
Tekjur af eignarhlutum	7.382	6.824
Tekjur af húseignum	5	5
Vaxtatekjur og gengismunur	26.478	21.483
Niðurfærsla verðbréfa	(79)	(56)
Fjárfestingatekjur samtals	33.786	28.256

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris (í milljónum kr.)

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2014	2013
Fjárfestingargjöld	230	223
Rekstrarkostnaður	427	415
Kostnaður samtals	658	638
Aðrar tekjur	55	49

Rekstrarkostnaður - stærstu liðir

<i>Kostnaðarliðir</i>	2014	2013
Laun og launatengd gjöld	305.444	286.721
Tölvu- og hugbúnaðarkostn.	120.210	111.789
Innheimtu- og vörslukostnaður	36.007	39.372
Lögfræðikostnaður	28.536	28.783
Útsending yfirlita og lífeyristilkynninga	24.534	21.117
Fjármálaeftirlitið	19.519	18.122
Húsnæðiskostnaður	17.938	28.478
Endurskoðun (ytri og innri)	17.592	19.424
Landssamtök lífeyrissjóða - árgjald	13.144	12.269
Sérfræðikostnaður	12.207	11.637
Annað	63.214	60.302
Samtals	658.345	638.014

Efnahagsreikningur (í milljónum kr.)

<i>Fjárfestingar</i>	2014	2013
Húseignir og lóðir	285	207
Verðbréf með breytilegum tekjum	165.575	130.262
Verðbréf með föstum tekjum	184.275	168.855
Veðlán	15.771	15.271
Bankainnstæður	621	4.654
Fullnustueignir	123	106
Fjárfestingar samtals	366.650	319.355

Efnahagsreikningur (í milljónum kr.)

<i>Kröfur, aðrar eignir og skuldir</i>	2014	2013
Kröfur á launagreiðendur	1.331	1.369
Aðrar kröfur	177	460
Rekstrarfjármunir	18	16
Sjóður og veltiinnlán	3.397	14.503
Skuldir	(235)	(1.380)
HREIN EIGN TIL GR. LÍFEYRIS	371.338	334.324

Yfirlit um sjóðstreymi (í milljónum kr.)

<i>Sjóðstreymi</i>	2014	2013
Inngreiðslur	65.205	66.116
Útgreiðslur	12.046	10.917
Ráðstöfunarfé	53.159	55.199
Kaup á verðbréfum	(64.265)	(52.025)
(Lækkun)/Hækkun á sjóði	(11.106)	3.174
Sjóðir í ársbyrjun	14.503	11.329
Sjóðir í árslok	3.397	14.503

Helstu kennitölur samtryggingardeildar

<i>Kennitölur</i>	2014	2013
Hrein raunávöxtun	8,8%	5,3%
Hrein nafnávöxtun	9,9%	9,1%
Hrein meðalávöxtun sl. 5 ár	5,0%	2,9%
Hrein meðalávöxtun sl. 10 ár	2,0%	2,5%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum	0,10%	0,11%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	28.073	26.772
Fjöldi lífeyrispega	18.189	17.110

Kaup og sala á árinu 2014

Fjárfestingar samtryggingardeildar 2014 (í milljónum kr.)

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
Skuldabréf	34.033	12.084	21.949
Ríkistryggð, verðtryggð	2.527	210	2.317
Ríkistryggð, óverðtryggð	748	2.330	- 1.582
Bankar og fjármálafyrirtæki	5.302		5.302
Erlend	6.934	7.974	- 1.041
Sveitarfélög	317	392	- 75
Fyrirtæki	16.149	-	16.149
Veðskuldabréf	2.057	1.179	878
Hlutabréf	29.827	10.443	19.383
Innlend skráð	8.216	1.851	6.365
Innlend óskráð	12.254	2.635	9.619
Erlend skráð	6.855	213	6.642
Erlend óskráð	2.502	5.745	- 3.243
Fasteigna- og vogunarsjóðir	10	377	- 367
Samtals	63.870	22.905	40.965



Helstu innlendar fjárfestingar á árinu 2014

Innlend hlutabréf og sjóðir (nettó kaup)

Skráð hlutabréf

HB Grandi:	2.845 m.kr.
Sjóvá, (var áður SF1)	1.728 m.kr.
VÍS:	1.198 m.kr.
TM:	1.031 m.kr.
N1:	606 m.kr.
Icelandair:	372 m.kr.
Hagar:	44 m.kr.
Marel:	-478 m.kr.
Össur:	-981 m.kr.

Innlend skuldabréf (nettó kaup)

Óskráð hlutabréf

Reitir:	3.003 m.kr.
FSÍ:	1.917 m.kr.
IEI:	1.452 m.kr.
Horn II:	1.049 m.kr.
FAST-1:	1.045 m.kr.
SÍA 2:	881 m.kr.
SF IV (Skeljungur):	720 m.kr.
Ursus I:	600 m.kr.
SF V (Festi):	500 m.kr.
SF VI (Verne Global):	495 m.kr.
Akur:	271 m.kr.
Edda:	160 m.kr.
Fí Fasteignafélag:	71 m.kr.
Icelandic Tourism Fund I:	50 m.kr.
SÍA I:	-178 m.kr.
SF I (Sjóvá):	-2.396 m.kr.



Helstu innlendar fjárfestingar á árinu 2014

Innlend skuldabréf (nettó kaup)

Verðtryggð ríkisskuldabréf	Samtals 2.317 m.kr.
Óverðtryggð ríkisskuldabréf	Samtals -1.582 m.kr.
Skuldabréf m.áb. sveitarfélaga	Samtals -75 m.kr.

Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja

Arion banki	2.970 m.kr.
Íslandsbanki	2.271 m.kr.
Landsbankinn	60 m.kr.

Innlend skuldabréf (nettó kaup)


Skuldabréf fyrirtækja

Reitir:	6.207 m.kr.
Reginn:	3.270 m.kr.
Landfestar:	2.980 m.kr.
FAST 2:	1.941 m.kr.
Virðing veðskuldabr.:	1.080 m.kr.
FÍ Fasteignafélag:	560 m.kr.
Eik:	110 m.kr.

Veðskuldabréf og sjóðir


Sjóðfélagalán:	1.471 m.kr.
BB 29:	586 m.kr.
Virðing veðskuldabr.sj.:	-1.179 m.kr.

Nafnávöxtun einstakra eignaflokka samtryggingardeilar á árinu 2014



Ávöxtun samtryggingardeildar í 10 ár

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar síðastliðin 10 ár





Samanburður á ávöxtun lífeyrissjóða

- hrein raunávöxtun samtryggingardeilda -


	2014	Meðaltal 5 ár
LSR B-deild	10,9%	6,4%
GILDI-lífeyrissjóður	8,8%	5,0%
Lsj. verslunarmanna	8,7%	5,9%
LSR A-deild	7,5%	5,0%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	6,7%	5,3%
Festa-lífeyrissjóður	6,7%	-
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	6,3%	4,9%
Almenni lífeyrissjóðurinn	6,2%	5,1%
Stapi-lífeyrissjóður	6,2%	3,6%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	6,1%	2,9%
Lífeyrissjóður bænda	5,4%	4,7%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	4,5%	-
Meðaltal	7,0%	4,9%

**Verðbréfaeign
samtryggingardeildar
í árslok 2014**

Verðbréfaeign 31.12.2014

Skipting verðbréfaeignar og innlána samtryggingardeildar


Verðbréfaflokkur	Eign
Ríkistryggð skuldabréf	137.170
Erlend hlutabréf	98.376
Innlend hlutabréf	60.361
Skuldabréf fyrirtækja	26.711
Veðskuldabréf	15.771
Skuldabréf sveitarfélaga	12.249
Skuldabréf banka og sparisjóða	6.635
Innlán	3.352
Erlendir fasteignasjóðir	3.063
Erlendir skammtímasjóðir	2.811
Erlendir vogunarsjóðir	56
Erlend skuldabréf	18
Samtals	366.574



Verðbréfaeign 31.12.2014

Skipting skuldabréfaeignar samtryggingardeildar

Verðbréf	Eign í m.kr.
Skuldabréf með ábyrgð ríkisábyrgð	137.170
Skuldabréf fyrirtækja	26.711
Veðskuldabréf	15.850
Skuldabréf með áb sveitarfél.	12.249
Skuldabréf banka/fjármálar	6.635
Samtals	198.616



Skuldabréf með ríkisábyrgð


- 37,25% af heildareignum
- 69,1% af skuldabréfasafni

Verðtryggð skuldabréf

- 47,4% af heildareignum sjóðsins

Skipting innlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða samtryggingardeildar

Verðbréf	Eign í m.kr.
Hlutabréf skráð	36.278
Hlutabréf óskráð	11.434
Framtakssjóðir	12.649
Samtals	60.361



Óskráð hlutabréf og framtakssjóðir


- 6,5% af heildareignum
- 39,9% af hlutabréfasafni.

Skráð hlutabréf


- 9,9% af heildareignum sjóðsins
- 60,1% af hlutabréfasafni.

Verðbréfaeign 31.12.2014

Skráð hlutabréf samtryggingardeildar, samtals kr. 36.278 m. kr.




Óskráð hlutabréf og framtakssjóðir samtr.-deildar, samtals kr. 24.083 m. kr.



Verðbréfaeign 31.12.2014

Skipting erlendra hlutabréfa, hlutabréfasjóða og annarra verðbréfasjóða samtryggingardeildar

Verðbréf	Eign í m.kr
Hlutabréfasjóðir	74.979
Framtakssjóðir	23.397
Fasteignasjóðir	3.063
Skuldabréfasjóðir	2.811
Vogunarsjóðir	56
Samtals	104.307



Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar 2015

Fjárfestingarstefna 2015

- Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best bjóðast á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu.
- Í nýrri stefnu er helst lögð áhersla á að auka vægi innlendra hlutabréfa og skuldabréfa fyrirtækja í eignasafni sjóðsins. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu í erlendum skuldabréfum ólíkt því sem verið hefur undanfarin ár. Á sama tíma gerir ný stefna ráð fyrir að dregið verði úr vægi ríkisskuldabréfa og innlána.
- Vikmörk eru áfram höfð nokkuð rúm þar sem lítill sýnileiki á framboði fjárfestingarkosta kallar á aukinn sveigjanleika sjóðsins til fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna 2015

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar 2015

Verðbréfaflokkur	Eignir þann	Stefna	Heimiluð frávik	
	31.12.2014	2015	Lágmark	Hámark
Innlán	0,9%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf	54,9%	55,5%	45,0%	68,0%
- Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	37,4%	35,0%	30,0%	50,0%
- Skuldabréf banka og sparisjóða	1,8%	1,5%	0,0%	5,0%
- Veðskuldabréf	4,3%	5,0%	2,0%	9,0%
- Skuldabréf sveitarfélaga	3,3%	4,0%	2,0%	7,0%
- Skuldabréf fyrirtækja	7,3%	9,0%	3,0%	14,0%
- Erlendir skammtímasjóðir	0,8%	0,0%	0,0%	5,0%
- Erlend skuldabréf	0,0%	1,0%	0,0%	3,0%
Hlutabréf	43,3%	44,0%	30,0%	66,0%
- Innlend hlutabréf	16,5%	18,0%	10,0%	25,0%
- Erlend hlutabréf	26,8%	26,0%	19,0%	33,0%
Aðrar fjárfestingar	0,9%	0,5%	0,0%	4,0%
- Fasteignasjóðir	0,8%	0,5%	0,0%	2,0%
- Vogunarsjóðir	0,0%	0,0%	0,0%	1,0%
Samtals	100,0%	100,0%		

Séreignardeild


Fjárfestingarstefna

Eignaskipting

Fjárfestingarstefna 2015

Skipting verðbréfaeignar 31.12.2014


Framtíðarsýn 1 Verðbréfaflokkur	Eignir 31.12.2014	Stefna 2015	Heimiluð frávik	
			Lágmark	Hámark
Skuldabréf	57,5%	65,0%	55,0%	75,0%
- Innlán	2,1%	1,0%	0,0%	15,0%
- Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	31,7%	39,0%	30,0%	65,0%
- Skuldabréf banka og sparisjóða	4,5%	5,0%	0,0%	15,0%
- Veðskuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
- Skuldabréf sveitarfélaga	5,3%	10,0%	0,0%	15,0%
- Skuldabréf fyrirtækja	10,7%	10,0%	0,0%	15,0%
- Erlendir skammtímasjóðir	3,2%	0,0%	0,0%	10,0%
Hlutabréf	42,5%	35,0%	25,0%	45,0%
- Innlend hlutabréf	9,5%	5,0%	0,0%	15,0%
- Erlend hlutabréf	33,0%	30,0%	20,0%	40,0%
Samtals	100,0%	100,0%		



Fjárfestingarstefna 2015

Skipting verðbréfaeignar 31.12.2014


Framtíðarsýn 2 Verðbréfaflokkur	Eignir 31.12.2014	Stefna 2015	Heimiluð frávik	
			Lágmark	Hámark
Skuldabréf	72,8%	80,0%	70,0%	90,0%
- Innlán	1,7%	1,0%	0,0%	15,0%
- Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	48,3%	54,0%	45,0%	80,0%
- Skuldabréf banka og sparisjóða	4,2%	5,0%	0,0%	15,0%
- Veðskuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
- Skuldabréf sveitarfélaga	4,6%	10,0%	0,0%	15,0%
- Skuldabréf fyrirtækja	10,8%	10,0%	0,0%	15,0%
- Erlendir skammtímasjóðir	3,2%	0,0%	0,0%	10,0%
Hlutabréf	27,2%	20,0%	10,0%	30,0%
- Innlend hlutabréf	7,7%	4,0%	0,0%	15,0%
- Erlend hlutabréf	19,5%	16,0%	5,0%	25,0%
Samtals	100,0%	100,0%		



Fjárfestingarstefna 2015

Skipting verðbréfaeignar 31.12.2014

Framtíðarsýn 3 Verðbréfaflokkur	Eignir	Stefna	Heimiluð frávik	
	31.12.2014	2015	Lágmark	Hámark
Verðtryggð innlán	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Samtals	100,0%	100,0%		



Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt

- Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2014 var unnin af Talnakönnun hf.
- Athugunin er unnin út frá sömu forsendum og í árslok 2013.
- Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.
- Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 5.292 milljónir kr. eða 0,9%. Það er mun betri staða en í árslok 2013 en þá var staðan neikvæð um 3,5%.
- Áfallin staða er jákvæð um 6.291 milljón kr. en hún var neikvæð um 9.249 kr. milljónir í úttektinni í árslok 2013.



Ársfundur 2015

Tillögur til breytinga á samþykktum



**Tillögur stjórnar til breytinga á
samþykktum**

Tillaga til breytinga á gr. 13.5.:

Greinin orðist svo (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélag, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. **Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem búa saman og hafa gert í a.m.k. tvö ár í sambandi sem jafna má til hjúskapar og eiga sameiginlegt skráð lögheimili. Sama gildir þótt sambúð hafi staðið skemur ef sambúðarfólkið á barn saman eða konan er þunguð.** ~~Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar., enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.~~

Tillaga til breytinga á gr. 9.12.:

A og b-liðir 1. mgr. gr. 9.12. orðist svo (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

a) Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur ~~4,5%~~ 4,2% iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldbi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.

b) Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur ~~4,5%~~ 4,2% af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhaldbi sjóðsins.



**Tillögur Arnar Pálssonar til
breytinga á samþykktum**

1. málsl. gr. 4.2. orðist svo: (nýtt auðkennt með rauðu):

Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum skulu vera búsettir **og eiga lögheimili** hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum, í tengslum við atvinnurekstur, hafa fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld.

Gr. 4.3. orðist svo: (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en ~~átta~~ **sex** ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins **og að hámarki átta ár samanlagt.**

Gr. 4.5. orðist svo: (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður **til tveggja ára** forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur **til tveggja ára** við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingar- og áhættustefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. ~~Stjórn sjóðsins skal árlega skipa þriggja manna endurskoðun-arnefnd sem hafi m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði IX. kafla um ársreikninga nr. 3/2006.~~

Við 6. gr. gættist nýr liður, 6.2. svohljóðandi:

Endurskoðandi skal ráðinn til tveggja ára í senn.



Ársfundur 2015

Samruni Gildis og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Endanlegt uppgjör og jöfnun réttinda



Samruni Gildis og Lsj. Vestfirðinga - jöfnun réttinda -

Í samrunasamningi Gildis-Lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var kveðið á um að þegar fyrir lægi endanlegt mat á eignum og skuldbindingum sjóðanna skyldi jafna þann mun sem væri á hlutfalli eigna miðað við skuldbindingar sjóðanna. Í samningnum var einnig kveðið á um að samruninn skyldi miðast við áfallna stöðu lífeyrisskuldbindinga og að nota skyldi kostnaðarhlutföll Gildis við tryggingafræðilegan útreikning.

Tryggingafræðingur sjóðanna hefur í samræmi við samkomulag stjórnna sjóðanna og forsendur samrunasamningsins reiknað út að auka skuli elli-, örorku- og makalífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga um 3,3%.



Ársfundur 2015

KOSNING/SKIPAN STJÓRNAR



Kosning/skipan stjórnar

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til tveggja ára, til ársfundar 2017:

Aðalmenn: Elínbjörg Magnúsdóttir
Harpa Ólafsdóttir

Varamenn: Guðmundur Ragnarsson
Margrét Birkisdóttir



Kosning/skipan stjórnar

**Skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í aðalstjórn
til tveggja ára, til ársfundar 2017:**

Hjörtur Gíslason

Þorsteinn Víglundsson

Skipun Samtaka atvinnulífsins á fulltrúum í varastjórn:

Til tveggja ára, til ársfundar 2017:

Jón A. Sveinsson

Til eins árs, til ársfundar 2016:

Karen Kjartansdóttir



Ársfundur 2015

LAUN STJÓRNARMANNA

Laun stjórnarmanna

- Ársfundurinn samþykkir að mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 93.018, laun formanns verði tvöföld eða kr. 186.036 og laun varaformanns verði kr. 139.527.
- Ef varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn greiðast kr. 46.509 fyrir hvern setinn stjórnarfund.
- Ef stjórnarfundir eru fleiri en 1 í hverjum mánuði skal greiða aukalega fyrir hvern setinn fund. Stjórnarmaður skal fá sömu greiðslu og varamenn fá greitt fyrir hvern setinn fund og formaður og varaformaður í sömu hlutföllum og að ofan greinir.



Ársfundur 2015

KJÖR ENDURSKOÐENDA



Kjör endurskoðenda

Ársfundurinn samþykkir að endurskoðandi
sjóðsins verði:

Deloitte ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi.



Ársfundur 2015

ÖNNUR MÁL